

Lög um innflutning dýra

1990 nr. 54 16. maí

Ferill málsins á Alþingi. Frumvarp til laga.

Tóku gildi 31. maí 1990. Breytt með: L. 40/1996 (tóku gildi 21. maí 1996). L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998). L. 44/1999 (tóku gildi 1. júlí 1999). L. 175/2000 (tóku gildi 29. des. 2000). L. 142/2001 (tóku gildi 31. des. 2001). L. 153/2002 (tóku gildi 30. des. 2002). L. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003). Bbl. 103/2003 (tóku gildi 1. júlí 2003). L. 116/2003 (tóku gildi 12. nóv. 2003). L. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006). L. 128/2005 (tóku gildi 30. des. 2005). L. 141/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008). L. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008). L. 118/2009 (tóku gildi 29. des. 2009). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 60/2013 (tóku gildi 15. nóv. 2015). L. 48/2015 (tóku gildi 14. júlí 2015). L. 113/2015 (tóku gildi 1. júlí 2016). L. 53/2020 (tóku gildi 19. júní 2020). L. 101/2020 (tóku gildi 23. júlí 2020). L. 71/2021 (tóku gildi 29. júní 2021 nema 29. gr. sem tók gildi 1. júlí 2021).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **matvælaráðherra** eða **matvælaráðuneyti** sem fer með lög þessi. Upplýsingar um málefnasvið ráðuneyta skv. forsetaúrskurði er að finna **hér**.

1. gr.

☐ Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

Búfé: [Alifuglar, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripir, sauðfé og svín. Rísi ágreiningur um hvað skuli falla undir hugtakið búfé sker [ráðherra] ¹⁾ úr.] ²⁾

... ³⁾

Dýr: Öll lifandi landdýr, bæði hryggdýr, hryggleysingjar og lagardýr sem lifa að hluta eða öllu leyti í fersku vatni.

Einangrunarstöð: [Sóttvarnaraðstaða fyrir loðdýr, gæludýr, fugla og fiska [auk svína [og nautgripa] ⁴⁾ og erfðaeftirlit þeirra]. ²⁾ ³⁾

[**Eldisdýr:** Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.] ⁵⁾

Erfðaeftirlit: Hvers kyns efni sem geymir erfðaeiginleika dýra, svo sem fósturvísir (frjóvgað egg eða fóstur á frumstigi), egg eða sæði.

[**Fagráð:** Nefnd sem mótar stefnu í kynbótum, rannsóknunum, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar samkvæmt ákvæðum **búnaðarlaga**, nr. 70/1998.] ³⁾

[**Gæludýr:** Dýr af eftirgreindum tegundum og flokkum: Hundar, kettir, kanínur, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr og búrfuglar.] ²⁾

Sóttvarnardýralæknir: [Faglegur opinber eftirlitsaðili sóttvarnastöðvar þar sem dýr hafa verið flutt inn samkvæmt lögum þessum.] ³⁾

Sóttvarnastöð: Staður þar sem dýr og erfðaeftirlit eru geymd meðan rannsakað er hvort þau eru haldin smitsjúkdómi.

Umsjónardýralæknir: Hver sá dýralæknir sem hefur verið skipaður til eftirlits vegna innflutnings samkvæmt lögum þessum.

¹⁾L. 126/2011, 141. gr. ²⁾L. 141/2007, 1. gr. ³⁾L. 175/2000, 1. gr. ⁴⁾L. 48/2015, 1. gr. ⁵⁾L. 116/2003, 5. gr.

2. gr.

☐ Óheimilt er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaeftirlit þeirra.

[Um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu gilda lög um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.] ¹⁾

☐ [Þrátt fyrir innflutningsbann skv. 1. mgr. er heimilt að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogn og svil, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerða sem [ráðherra] ²⁾ setur að fengnum umsögnum [Matvælastofnunar], ³⁾ fisksjúkdómanefndar, [Hafrannsóknastofnunar] ⁴⁾ og erfðanefndar landbúnaðarins. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu [Matvælastofnunar] ³⁾ á að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt þessu ákvæði.

☐ [Ráðherra] ²⁾ er heimilt, að fengnu vísindalegu áliti [Hafrannsóknastofnunar], ⁴⁾ að takmarka eða banna innflutning á lifandi laxfiskum, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrognum og sviljum, ef ljóst má vera að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun slíkra laxfiska við staðbundna náttúrulega stofna sem ógnað gæti líffræðilegri fjölbreytni og stefnt náttúrulegu stofnunum í hættu.] ⁵⁾

☐ [Matvælastofnun getur] ⁶⁾ vikið frá banni því sem um getur í 1. mgr. og leyft innflutning dýra og erfðaefnis, [sbr. þó 4. gr. a] ⁷⁾ [og 3. mgr. 13. gr.], ⁸⁾ enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum, og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim. [Ákvörðun um leyfi til innflutnings skal byggjast á viðeigandi áhættumati sem framkvæmt er í samræmi við viðurkennda alþjóðlega staðla og samninga sem Ísland er aðili að. Heimilt er að krefja innflytjanda um upplýsingar um heilbrigði, rannsóknir og meðhöndlun dýra eða erfðaefnis og hverjar aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta áhættu innflutnings.] ⁹⁾

☐ [Dýrum sem eru flutt inn án heimildar eða sleppa úr flutningsförum skal tafarlaust lógað og fargað bótalaust á kostnað umráðanda svo eigi stafi hættu af. Matvælastofnun er þó heimilt að gefa kost á að slíkur dýr séu tafarlaust send úr landi sé smitvörnum ekki ógnað. Umráðamaður dýrs sem er flutt inn án heimildar skal þá tafarlaust gera ráðstafanir þar að lútandi á eigin kostnað. Sá sem er ábyrgur fyrir flutningi dýrs sem sleppur úr flutningsfari fyrir slysi skal á sama hátt tafarlaust gera ráðstafanir þar að lútandi á eigin kostnað. Á meðan ráðstafanir eru gerðar um afdrif dýra sem eru flutt inn án heimildar eða sloppið hafa úr flutningsförum skal einangra þau í vörslu Matvælastofnunar. Eggjum, sæði eða fósturvísu skal á sama hátt eyða eða senda úr landi á kostnað innflytjanda, svo og dýrum sem sædd kunna að hafa verið eða notuð sem fósturmæður og afkvæmum sem kunna að hafa fæðst eftir ólögmetan innflutning. Matvælastofnun er þó heimilt að láta framkvæma áhættumat með tilliti til smitvarna áður en ákvörðun um ráðstöfun er tekin skv. 6. málsl. og getur á grundvelli þeirrar niðurstöðu heimilað dvöl á landinu að uppfylltum skilyrðum.

☐ Innflutningi samkvæmt lögum þessum telst lokið þegar öll skilyrði innflutnings hafa verið uppfyllt að mati Matvælastofnunar.] ⁹⁾

¹⁾L. 164/2002, 16. gr. ²⁾L. 126/2011, 141. gr. ³⁾L. 167/2007, 70. gr. ⁴⁾L. 113/2015, 1. gr. ⁵⁾L. 116/2003, 6. gr. ⁶⁾L. 71/2021, 14. gr. ⁷⁾L. 141/2007, 2. gr. ⁸⁾L. 118/2009, 1. gr. ⁹⁾L. 53/2020, 1. gr.

■ 3. gr. ... ¹⁾

¹⁾L. 71/2021, 15. gr.

■ 4. gr.

☐ Áður en leyfi til innflutnings á búfé eða erfðaeefni þess er veitt skal [Matvælastofnun] ¹⁾ leita álits [fagráðs] ²⁾ í viðkomandi búgrein og skal [það] ²⁾ meta þörf eða hugsanlegan ábata fyrir íslenska búfjárrækt af slíkum innflutningi. Skal [fagráð] ²⁾ gera tillögur um hvaða kyn og tegund skuli flytja inn, með hvaða hætti og frá hvaða landi.

☐ Nefndin ³⁾ getur lagt til annað form á innflutningi en umsækjandi gerir ráð fyrir telji hún það tryggara og forsendur fyrir meðmælum með umsókninni.

¹L. 71/2021, 16. gr. ²L. 175/2000, 3. gr. ³Á væntanlega að vera fagráð.

■ 4. gr. a.

☐ Yfirdýralæknir getur vikið frá því banni sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og leyft innflutning á gæludýrum og erfðaeefni þeirra sem ekki teljast til nýrra dýrategunda eða erlendra stofna tegunda sem hér eru fyrir, sbr. 5. gr., enda sé fylgt fyrir mælum sem felast í lögum þessum og reglugerðum er settar eru samkvæmt þeim.

☐ Meta skal áhættu af innflutningi og er heimilt að krefja innflytjanda um upplýsingar um heilbrigði gæludýrs, þ.m.t. heilbrigðis- og upprunavottorð, sem staðfesta nauðsynlega bólusetningu, rannsóknir og meðhöndlun gæludýrs eða erfðaefnis fyrir innflutning.

☐ Heimilt er að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um innflutningsleyfi fyrir, einnig er heimilt að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um leyfi til að flytja inn erfðaeefni úr. Ekki skal veita undanþágu til innflutnings á hundum, blendingum af úlfum og hundum, eða öðrum gæludýrum sem hætta getur stafað af.] ¹⁾

¹L. 141/2007, 3. gr.

■ 5. gr.

☐ [Áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal [Matvælastofnun] ¹⁾ afla umsagnar erfðanefndar landbúnaðarins. [Umsókn um leyfi til slíks innflutnings skal afgreidd samhliða umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til innflutnings á grundvelli laga um náttúruvernd. Þegar Matvælastofnun og Umhverfisstofnun hafa lokið vinnslu umsóknar skal tilkynna umsækjanda um niðurstöður beggja stofnana.] ¹⁾ ²⁾

¹L. 71/2021, 17. gr. ²L. 60/2013, 95. gr.

■ 6. gr.

☐ [Ráðuneytið] ¹⁾ [hefur eftirlit með og ber ábyrgð á] ²⁾ innflutningi búfjár sem heimilaður kann að verða samkvæmt lögum þessum. [Á sama hátt hefur það eftirlit með] ²⁾ framræktun kynja sem inn verða flutt, en [ráðherra] ¹⁾ er þó heimilt að fela hana einstökum [búgreinasamböndum] ²⁾ eða ræktunarfélögum, enda mæli yfirdýralæknir og viðkomandi [fagráð] ²⁾ með því. Viðkomandi aðili skal þá sýna fram á að hann geti fullnægt öllum skilyrðum um sóttvarnir og aðbúnað og kostað framræktunina að öllu leyti. Slíkt framsal skal ávallt bundið við eitt innflutningsleyfi með ákveðnum tímamörkum.

¹L. 126/2011, 141. gr. ²L. 175/2000, 4. gr.

■ 7. gr.

☐ [Vegna innflutnings á dýrum og erfðaeefni er heimilt að starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Stöðvarnar skulu hafa leyfi til reksturs og lúta eftirliti Matvælastofnunar. Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum Matvælastofnunar, hvaða kröfur skuli gerðar til sóttvarna- og einangrunarstöðva. Matvælastofnun getur heimilað innflytjendum að annast einangrun einstakra dýra í þeirra eigu, að uppfylltum skilyrðum um smitvarnir og aðbúnað sem sett eru og undir eftirliti Matvælastofnunar.] ¹⁾

¹L. 53/2020, 2. gr.

■ 8. gr.

☐ Þegar dýr eða erfðaeefni er valið til innflutnings skal hvert einstakt dýr, sem flytja skal inn, karldýr, sem eru fyrirhugaðir sæðisgjafar, og foreldrar, sem gefið hafa frjóvguð egg, heilbrigðis skoðuð af embættisdýralækni og skulu vottorð og aðrar nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir áður en innflutningur fer fram. Fósturvísa, egg eða sæði má aðeins flytja frá viðurkenndum kynbótastöðvum þar sem fylgst hefur verið með heilbrigði foreldra eða foreldris nægilega lengi að mati [Matvælastofnunar]. ¹⁾ [Ráðherra] ²⁾ skal setja reglur samkvæmt tillögum [Matvælastofnunar] ¹⁾ um kröfur til hvers kyns upplýsinga og vottorða sem þurfa að liggja fyrir áður en slíkur innflutningur er leyfður.

¹L. 167/2007, 70. gr. ²L. 126/2011, 141. gr.

■ 9. gr.

☐ [Einangra skal öll innflutt dýr og erfðaeefni, að undanskildum eldisdýrum skv. 2. mgr. 2. gr., á sóttvarnastöð svo lengi sem [Matvælastofnun] ¹⁾ telur þörf á undir stöðugu eftirliti sóttvarnardýralæknis stöðvarinnar.] ²⁾

☐ [Sóttvarnardýralæknir sóttvarnastöðvar getur verið viðkomandi héraðsdýralæknir eða dýralæknir sem [Matvælastofnun] ¹⁾ ræður sérstaklega til þeirra verka.

[Matvælastofnun] ¹⁾ setur sóttvarnardýralækni erindisbréf með ákvæðum um skyldur hans varðandi smitgát vegna starfa við sóttvarnastöðina.] ³⁾

☐ [Ráðherra] ⁴⁾ setur, að fengnum tillögum [Matvælastofnunar], ¹⁾ reglugerð ⁵⁾ um allt er veit að rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva og öryggi gagnvart hugsanlegri sýkingarhættu frá þeim, þar á meðal ströng ákvæði um mannaferðir, meðferð áburðar, hvers konar úrgangs og afurða frá stöðvunum. Starfsmenn við slíkar stöðvar skulu fá sérstök erindisbréf og skal sóttvarnardýralæknir ábyrgur fyrir því að öryggisreglum sé fylgt.

¹⁾L. 167/2007, 70. gr. ²⁾L. 116/2003, 8. gr. ³⁾L. 175/2000, 6. gr. ⁴⁾L. 126/2011, 141. gr. ⁵⁾Rg. 201/2020.

■ 10. gr.

☐ Innflutt dýr eða dýr, sem hafa vaxið af innfluttu erfðaeefni, má aldrei flytja út af sóttvarnastöð.

☐ Þegar tryggt þykir að við innflutning hafi ekki borist neinir erfðagallar eða smitsjúkdómar hættulegir íslenskum dýrum og liðinn er ákveðinn tími, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, frá síðasta innflutningi dýra eða erfðaefnis getur [Matvælastofnun] ¹⁾ heimilað að dýr eða erfðaeefni, annað en getið er í 1. mgr., séu flutt úr sóttvarnastöð.

¹⁾L. 167/2007, 70. gr.

■ 11. gr.

☐ Hreinræktun innfluttra kynja og blöndun þeirra við innlent búfé skal vera undir stjórn viðkomandi [fagráðs sem starfar samkvæmt [búnaðarlögum, nr. 70/1998](#)]. ¹⁾

¹⁾L. 175/2000, 7. gr.

■ 12. gr.

☐ Íslensk dýr, sem tekin eru til blöndunar við innflutt búfjárkyn eða til að vera fósturmæður við innflutning á fósturvísun, skulu valin af ráðunautum [Bændasamtaka Íslands] ¹⁾ í viðkomandi búgrein og skal [Matvælastofnun eða fulltrúi hennar] ²⁾ ganga úr skugga um að þau séu eigi grunuð um eða haldin smitsjúkdómum. Ekki má hefja ræktun á íslensku búfjárkyni með innfluttu kyni fyrr en gengið hefur verið úr skugga um hvernig kynin blandast og að einblendingsrækt með íslenska kyninu fylgi ekki alvarlegir burðarerfiðleikar eða skapgerðargallar.

☐ Gæta skal þess að verðmætir eiginleikar í íslenskum búfjárkynjum tapist ekki við blöndun við innflutt kyn. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði sem kveða svo á um að aðeins megi nota hið innflutta kyn til einblendingsræktar telji ráðunautur [Bændasamtaka Íslands] ¹⁾ og/eða viðkomandi [fagráð] ³⁾ ástæðu til.

¹⁾L. 40/1996, 2. gr. ²⁾L. 167/2007, 70. gr. ³⁾L. 175/2000, 8. gr.

■ 13. gr.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. þessara laga er [Matvælastofnun] ¹⁾ heimilt að leyfa innflutning loðdýra, sem haldin eru í búrum, frjóvgaðra alifuglaeggja frá viðurkenndum kynbótabúum, [fiska og erfðaefnis þeirra, svo og svína og erfðaefnis þeirra [og erfðaefnis holdanautgripa] ²⁾ frá viðurkenndum kynbótabúum eða sæðingarstöðvum] ³⁾ á einangrunarstöð undir eftirliti umsjónardýralæknis. Slíkt leyfi skal þó aðeins veita ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis. ... ²⁾ Dýr má ekki flytja úr einangrunarstöð fyrr en þau hafa dvalið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að þau séu ekki haldin neinum smitsjúkdómi.

☐ [Innflutt erfðaeefni [svína og holdanautgripa] ²⁾ má ekki flytja úr einangrunarstöð, [sbr. þó 3. mgr.] ⁴⁾ [Svín og holdanautgripa] ²⁾ sem vaxið hafa af innfluttu erfðaeefni í einangrunarstöð má hins vegar flytja þaðan að fengnu leyfi yfirdýralæknis og uppfylltum skilyrðum 1. mgr.] ⁵⁾

☐ [Matvælastofnun (yfirdýralækni) er heimilt að veita leyfi til innflutnings á djúpfrystu svínasæði og erfðæfni holdanautgripa að uppfylltum skilyrðum sem greinir í 8. gr. Einnig má setja skilyrði sem lúta að rannsókn erfðæfnis og dýra sem vaxið hafa af innflutta erfðæfninu á einangrunartíma og heilbrigðisástandi og aðbúnaði á því búi þar sem óskað er eftir að nýta erfðæfnið. Komi í ljós að skilyrðum þessum er ekki fullnægt eða Matvælastofnun (yfirdýralæknir) telur smitsjúkdómahættu af erfðæfninu eða dýrum sem vaxið hafa af því af öðrum ástæðum skal afturkalla leyfið, eyða erfðæfninu og lóga dýrunum.] ²⁾

¹⁾L. 101/2020, 10. gr. ²⁾L. 48/2015, 2. gr. ³⁾L. 153/2002, 1. gr. ⁴⁾L. 118/2009, 2. gr. ⁵⁾L. 141/2007, 4. gr.

■ 14. gr.

☐ [Matvælastofnun er heimilt] ¹⁾ að víkja frá ákvæðum 10. gr. þessara laga og veita leyfi til þess að heimilisdýr, sem ekki eru af ætt hóf- og klaufdýra, séu flutt úr sóttvarnastöð. Slíkur flutningur skal ekki fara fram fyrr en dýrin hafa verið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að dýrin séu ekki haldin neinum smitsjúkdómum. Slíku leyfi mega fylgja ákvæði um að dýralæknir fylgist reglulega með heilsufari dýranna á kostnað eigenda svo lengi sem yfirdýralæknir telur slíkt nauðsynlegt.

¹⁾L. 71/2021, 18. gr.

■ 15. gr.

☐ [Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur, óeðlileg eða óútskýrð afföll eða ef rökstuddur grunur er um smitsjúkdóm í sóttvarna- eða einangrunarstöð er Matvælastofnun heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir sem þurfa þykir til að útrýma sjúkdómi eða hindra útbreiðslu hans og til að afstýra hættu og tjóni, m.a. lóga dýrum ef nauðsyn krefur og gera ráðstafanir til að stöðva dreifingu erfðæfnis. Sama á við um heimasóttkví. Rekstraraðili sóttvarna- eða einangrunarstöðvar ber allan kostnað af slíkum aðgerðum og er skylt að hlíta fyrirmælum Matvælastofnunar.

☐ Innflytjendur eiga ekki rétt á bótum úr ríkissjóði fyrir dýr sem þarf að lóga eða erfðæfni sem eyða þarf vegna slíkra aðgerða. Sama á við um eigendur dýra sem eru í heimasóttkví.

☐ Hlíti rekstraraðili eða eigandi ekki fyrirmælum Matvælastofnunar skulu aðgerðir skv. 1. og 2. mgr. framkvæmdar með aðstoð lögreglu. Sé um heimasóttkví að ræða er þó ekki heimilt að fara í þessum tilgangi í íbúðarhús, útihús eða aðra viðlíka staði án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði. Fylgja skal ákvæðum laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum.] ¹⁾

¹⁾L. 53/2020, 3. gr.

■ 16. gr.

☐ Heimilt er að geyma djúpfryst sæði eða fósturvísa utan sóttvarnastöðvar að fengnu leyfi og eftir fyrirsögn [Matvælastofnunar]. ¹⁾Sóttvarnardýralæknir skal halda nákvæma skrá um alla gripi sem koma í stöðina eða fæðast þar, svo og um sæði og fósturvísa sem þar eru tekin eða þaðan flutt og notkun þeirra. Við mælingar á gripum og skýrsluhald skal sóttvarnardýralæknir fara eftir fyrirmælum viðkomandi [fagráðs]. ²⁾

¹⁾L. 167/2007, 70. gr. ²⁾L. 175/2000, 9. gr.

■ [17. gr.]¹⁾

☐ Nú er ákveðið að leggja niður sóttvarnastöð sem starfrækt hefur verið og ekki þykir rétt að mati viðkomandi [fagráðs] ²⁾ að nota frekar það erfðæfni sem þar er geymt og skal þá eyða því svo að ekki stafi hættu af eða gera aðrar ráðstafanir sem tryggja að frá því stafi ekki sýkingarhætta. Gripi slíkrar stöðvar skal fella hafi ekki verið heimilað samkvæmt lögum þessum að flytja þá úr einangrun.

¹⁾L. 175/2000, 10. gr. ²⁾L. 175/2000, 9. gr.

■ [18. gr.]¹⁾

☐ Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs. Berist sjúkdómur í stöðina vegna vanrækslu varðar það þann sem vanrækslu hefur sýnt starfs- og stöðumissi eða [fangelsi allt að 2 árum] ²⁾ ef miklar sakir eru.

☐ Ef lifandi dýr, fósturvísar, egg eða annað erfðaeefni dýra er flutt til landsins án heimildar, sbr. 2. gr., varðar það sektum fyrir eiganda, svo og fyrir skipstjóra eða flugstjóra á farartæki því sem dýrin eða erfðaeefnið flutti ef ætla má að það sé flutt með hans vitund.

„L. 175/2000, 10. gr. „L. 82/1998, 196. gr.

■ [18. gr. a.]

☐ Fyrir eftirlit, umsýslu og skjalaskoðun Matvælastofnunar samkvæmt lögum þessum skal greiða gjald sem ekki er hærra en raunkostnaður til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum:

- a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, umsýslu og skjalaskoðunar,
- b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. kostnaði af aðstöðu, áhöldum, búnaði, þjálfun og ferðalögum, svo og tengdum kostnaði,
- c. kostnaði við sýnatöku og greiningu á rannsóknastofu.

☐ Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber innflytjandi. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að vottorð frá viðurkenndum kynbótabúum eða sæðingarstöðvum liggi fyrir.

☐ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits, umsýslu og skjalaskoðunar Matvælastofnunar og skal hann gefa út gjaldskrá að fengnum tillögum stofnunarinnar. Ráðherra skal afla umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

☐ Gjald skv. 1. mgr. skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi. Innheimta má gjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.] ¹⁾

„L. 48/2015, 3. gr.

■ [19. gr.]¹⁾

☐ [Ráðherra] ²⁾ setur reglugerð ³⁾ um nánari framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum [Matvælastofnunar] ⁴⁾ og [Bændasamtaka Íslands]. ⁵⁾

☐ ... ⁶⁾

„L. 175/2000, 10. gr. „L. 126/2011, 141. gr. „Rg. 27/1970. Rg. 859/2002. Rg. 527/2003. Rg. 935/2004, sbr. 817/2005 og 202/2020. Rg. 151/2005. Rg. 447/2005, sbr. 710/2006. Rg. 449/2005, sbr. 712/2006. Rg. 985/2005. Rg. 739/2006. Rg. 740/2006. Rg. 1254/2008, sbr. 936/2014. Rg. 489/2010, sbr. 478/2017 og 1334/2019. Rg. 560/2010, sbr. 657/2010 og 1012/2018. Rg. 1043/2011. Rg. 1077/2011. Rg. 30/2012. Rg. 346/2012. Rg. 522/2012. Rg. 570/2012, sbr. 760/2012. Rg. 763/2012. Rg. 119/2013. Rg. 220/2013. Rg. 221/2013. Rg. 271/2013. Rg. 272/2013. Rg. 273/2013. Rg. 390/2014, sbr. 1336/2019 og 13/2021. Rg. 560/2014, sbr. 840/2014, 480/2015, 707/2015, 811/2015, 1031/2015, 188/2016, 259/2016, 915/2016, 906/2017, 1076/2018, 277/2019, 1337/2019, 59/2020, 207/2020, 233/2020, 333/2020, 839/2020, 996/2020, 1344/2020, 12/2021, 152/2021, 231/2021, 406/2021, 475/2021 og 579/2021. Rg. 808/2014, sbr. 483/2017. Rg. 907/2014, sbr. 958/2014, 569/2015, 186/2016, 231/2017, 86/2018, 820/2019, 1338/2019, 232/2020 og 11/2021. Rg. 850/2015, sbr. 933/2016. Rg. 540/2016. Rg. 315/2017. Rg. 811/2018. Rg. 200/2020, sbr. 1152/2020 og 1019/2021. Rg. 201/2020. Rg. 284/2020. Rg. 502/2020, sbr. 8/2021. Rg. 509/2020, sbr. 15/2021, 269/2021 og 528/2021. Rg. 462/2021, sbr. 634/2021, 1059/2021 og 1369/2021. Rg. 463/2021. Rg. 464/2021. Rg. 580/2021, sbr. 61/2022 og 383/2022. Rg. 581/2021. Rg. 637/2021. Rg. 1069/2021. Rg. 1376/2021. Rg. 1377/2021. „L. 167/2007, 70. gr. „L. 40/1996, 2. gr. „L. 76/2005, 29. gr.

■ [20. gr.]¹⁾

☐ Lög þessi öðlast þegar gildi. ...

„L. 175/2000, 10. gr.